

BREYTING Á AFLÞYNNUVERKSMIÐJU BECROMAL Á AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal á Krossanesi Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á rekstri aflþynnuverksmiðjunnar frá fyrri áformum sem stofnunin tók ákvörðun um þann 19. mars 2008 séu óverulegar. Boðaðar breytingar séu þess eðlis að þeim verði best mætt við starfsleyfisgerð og gerð viðbragðsáætlunar vegna meðferðar hráefna sem geta verið hættuleg.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif breytinga á verksmiðjunni kunni að verða vegna áhrifa fráveitu fyrirtæksins á gæði sjávar. Skipulagsstofnun telur að fylgjast þurfi með losun í sjó og áhrifum fráveitunnar þar til fráveitukerfi Akureyrar hefur verið komið í gagnið með tilheyrandi hreinsistöð og aflþynnuverksmiðjan hafi tengst því kerfi.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. júní 2009.

INNGANGUR

Þann 27. mars 2009 tilkynnti Efla verkfræðistofa um fyrirhugaðar breytingar á aflþýnnuverksmiðju Becromal á Krossanesi, Akureyri til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Brunamálastofnunar, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 2. apríl 2009, Brunamálastofnun með bréfi dags. 6. maí 2009, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 5. maí 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 17. apríl 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. maí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Eflu verkfræðistofu með bréfi dags. 8. og 11. maí 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Í ákvörðun sinni dags. 19. mars 2008 taldi Skipulagsstofnun ekki líklegt að aflþýnnuverksmiðja Becromal á Krossanesi, Akureyri, myndi hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nú er fyrirhugað að breyta fyrri áformum um starfsemina.

Ammoníak í lofti. Í upphaflegri fyrirspurn um matsskyldu kom fram að áætlaður styrkur ammoníaks í lofti verði 5 ppm fyrir hreinsun og < 1 ppm eftir hreinsun. Ammoníak yrði leitt í gegnum vothreinsibúnað sem fjarlægði efnið úr útblæstri. Núverandi áform gera ráð fyrir að styrkur ammoníaks í andrúmslofti verði hærri, eða allt að 9 ppm. Ástæður breytinganna eru byggðar á ítarlegri upplýsingum um notkun efna í verksmiðju Becromal í Noregi, auk þess sem afköst loftræstingar verði minni en áætlað hafði verið í upphafi. Beðið verði með að setja upp vothreinsibúnað að sinni, en samt sem áður verði gert ráð fyrir uppsetningu hans við hönnun verksmiðjunnar. Þessi ákvörðun er tekin vegna þess að styrkur ammoníaks sé þegar vel undir vinnuverndarmörkum í reglugerð 154/1999 (20 ppm miðað við 8 klst meðaltal). Í drögum að starfsleyfi verksmiðjunnar hafi Umhverfisstofnun sett fram tillögu að losunarmörkum fyrir ammoníak í útblæstri, 10 ppm. Þess utan muni vothreinsibúnaður stórauka notkun á síru, sóða og vatni og auka til muna raforkunotkun. Að svo stöddu sé því ekki talinn ávinningur af því að setja upp slíkan hreinsibúnað þar sem álag á umhverfið myndi aukast til muna við að minnka styrk ammoníaks í andrúmslofti, sem nú þegar sé takmarkaður og innan leyfilegra marka.

Engu að síður verði hægt að setja búnaðinn upp ef breyting verði á rekstri verksmiðjunnar og styrkur ammoníaks í andrúmslofti verði hærri en áður hafi verið áætlaður eða kröfur breytist. Breytingin hafi verið kynnt Vinnueftirlitinu sem gerði engar athugasemdir. Í svari Vinnueftirlitsins kom fram að ef styrkur á verkstöðvum í verksmiðjunni er undir 20 ppm hafi Vinnueftirlitið ekkert við breytingarnar að athuga.

Fráveita. Í upphaflegri fyrirspurn um matsskyldu kom fram að frárennsli frá verksmiðjunni yrði veitt í fráveitukerfi Akureyrarbæjar og að bærinn hygðist byggja nýja hreinsistöð í Sandgerðisbót sem yrði tekin í notkun árið 2009. Fram að þeim tíma yrði nauðsynlegt að veita frárennsli frá verksmiðju Becromal í bráðabirgðaútrás bæjarins við Krossanes.

Fram kemur að nú sé stefnt að því að ný hreinsistöð í Sandgerðisbót verði tekin í notkun um mitt ár 2012. Því sé nauðsynlegt að framlengja þann tíma sem veita þurfi frárennsli frá verksmiðjunni í gegnum bráðabirgðaútrás við Krossanes. Aðeins sé um tímabundna lausn að ræða á meðan unnið sé að byggingu nýrrar hreinsistöðvar og útrásar á Akureyri. Becromal áætli að afköst verksmiðjunnar verði um 30% í lok árs 2009, um 50% um mitt ár 2010 og að fullum afköstum verði í fyrsta lagi náð í lok árs 2010. Þetta sé háð aðstæðum í efnahagsmálum. Ekki er talið að tímabundin losun frárennslis frá verksmiðju Becromal í gegnum bráðabirgðaútrás bæjarins í Krossanesi hafi umtalsverð umhverfisáhrif.

Lífræðileg efni og svifagnir í fráveitu. Í upphaflegri fyrirspurn um matsskyldu kom fram að áætlað frárennsli frá verksmiðjunni yrði í kringum 25 m³/klst. Eftir að nánari upplýsingar bárust frá verksmiðjum Becromal í Noregi og í Bandaríkjunum er ljóst að frárennsli frá verksmiðjunni verður um 60 m³/klst. Styrkur líffræðilegra efna og svifagna í frárennsli mun haldast óbreyttur en magn þessara efna í frárennsli mun aukast. COD frá rafhúðunarlausn mun fara úr 126 í 300 kg á dag, BOD₅ frá rafhúðunarlausn mun fara úr 45 í 110 kg á dag og svifagnir úr 35 í 90 kg á dag. Tekið er fram að þessi aukning á frárennsli hafi engin áhrif á losun annarra efna frá verksmiðjunni, t.d. næringarefna (fosfór og köfnunarefni). Þar sem magn annarra efna muni haldast óbreytt muni styrkur þeirra í raun minnka með auknu rennsli. Fram kemur að styrkur líffræðilegra efna og svifagna í frárennsli Becromal sé á bilinu 30-45% lægri en í almennu skólpi í fráveitukerfi bæjarins. Bent er á að sú aukning sem verði á magni líffræðilegra efna og svifagna í fráveitukerfinu vegna beinnar losunar frá verksmiðju Becromal verði aðeins brot af því sem losað sé í fráveitukerfi bæjarins í dag eða á bilinu 2-3%. Fram kemur að Umhverfisstofnun hafi staðfest skilgreiningu á Eyjafirði sem síður viðkvæman viðtaka.

Notkun og losun á efnunum. Fram kemur að Becromal stefni að því að nota saltsýru (HCl) í stað brennisteinssýru (H₂SO₄) og þar með verði engin losun á brennisteini. Notkun á bórsýru í hreinsiferlum verksmiðjunnar verði óbreytt. Að mati Becromal hafi þessi breyting engin áhrif á fyrri niðurstöður varðandi losun efna, en verið sé að einfalda framleiðsluferla og efnanotkun innan verksmiðjunnar.

Kælivatn. Í upphaflegri fyrirspurn um matsskyldu kom fram að magn kælivatns frá verksmiðjunni yrði á bilinu 1.200-2.000 m³/klst og að hitastig kælivatns (sjór) í útrásarstút yrði um 35 – 55 °C. Ákveðið hafi verið að auka kælivatnsrennsli verksmiðjunnar í 3.000 - 4.500 m³/klst sem muni leiða til þess að hitastig þess við losun mun lækka og verði á bilinu 20 – 30 °C. Áhrif kælivatns verði því enn minni en áður var áætlað.

Efnalager. Fram kemur að miðað við fyrri áform verði meira til staðar af saltsýru, vítissóða, fosfórsýru og ammóníumhýdroxíð á lager en engin brennisteinssýra verði geymd þar. Að auki verður nokkuð af álfosfati sem verði aukaafurð frá verksmiðjunni.

Þegar sé hafin vinna við gerð viðbragðsáætlunar fyrir verksmiðjuna í samvinnu við slökkviliðið á Akureyri þar sem tekið verði tillit til þess hámarks magns efna sem kann að verða á lager verksmiðjunnar.

Það er mat framkvæmdaraðila að umræddar breytingar á rekstri verksmiðjunnar á Akureyri muni hafa óveruleg umhverfisáhrif sbr. fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar og að fyrri ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar geti því staðið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akureyrarbæjar, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhættumat. Brunamálastofnun bendir á að við gerð áhættumats á starfseminni með tilliti til þeirra efna sem notuð eru í vinnsluferlum verksmiðjunnar og gerð viðbragðsáætlunar í samráði við viðkomandi slökkvilið þurfi að taka til þeirra breytinga á áformum sem koma fram í greinargerð Eflu. Í áhættumatinu og tilheyrandi gögnum þurfi að gera grein fyrir því hvaða viðbragða sé krafist af slökkviliðinu til að það geti varist efnunum og beitt réttum viðbrögðum gegn þeim og tafið fyrir útbreiðslu þeirra út í umhverfið verði óhapp við meðhöndlun þeirra eða flutning.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vinna við gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar fyrir verksmiðju Becromal á Akureyri sé þegar hafin í samráði við slökkviliðið á Akureyri. Í þeirri vinnu sé tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafi á magni efna sem fram komi í greinargerðinni.

Áhrif á sjó. Hafrannsóknarstofnunin bendir á að mikill varmi verði fluttur til sjávar við Krossanes með kælisjó (65 MW). Framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að hitastig sjávar hækki næst útrásinni (um allt að 2,2°C í fyrri tillögum) en lækki mjög hratt út frá henni. Stofnunin vekir athygli á að smásíld hafi gjarnan aðsetur í Eyjafirði fyrstu æviárin og stundum í allmiklum mæli innan við Krossanes. Hugsanlegt sé því að slík hækkun á hita sjávar, sem verði kringum útrásina, takmarki að einhverju leyti það svæði sem smásíld hafi hafst við á við Krossanes, þó erfitt sé að fullyrða um slíkt. Því ítreki stofnunin að æskilegra væri að nýta hitann úr kælisjónum í sem mestum mæli áður en honum verði sleppt til sjávar, þannig að sem minnst breyting verði á hitastigi sjávar við Krossanes af öðrum orsökum en náttúrulegum. Hafrannsóknarstofnunin telur að afrennsli frá verksmiðju geti valdið auknu aðgengi að fosfór fyrir lífríkið á afmörkuðu svæði kringum útrás. Það eigi þó aðeins við tímabundið að sumarlagi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aukið kælivatnsrennsli verksmiðjunnar í 3.000 - 4.500 m³/klst muni leiða til þess að hitastig þess við losun mun lækka umtalsvert og verða á bilinu 20 - 30°C sem muni draga úr umhverfisáhrifum. Becromal muni endurnýta hitann að stórum hluta úr kælisjónum í framleiðsluferlum innan verksmiðjunnar með notkun varmaskipta. Rétt sé að losun frárennslis frá verksmiðju Becromal muni auka lítillaga aðgengi að fosfór á afmörkuðu svæði í kringum útrás Akureyrarbæjar. Sú aukning verði þó minni háttar og sé talið að styrkur fosfórs í frárennsli bæjarins muni aðeins aukast um 0,2 mg/L. Eftir þynningu strax eftir losun verði styrkur fosfórs vel undir bakgrunnsgildum sem mælist í firðinum að sumri.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um tímabundna losun frárennslis frá verksmiðju Becromal í gegnum bráðabirgðaútrás í Krossanesi komi fram að framkvæmdaraðili hafi lagt til að fylgst yrði með styrk efna við útrásina í samráði við Umhverfisstofnun *“og ef niðurstöður mælinga gæfu til kynna að styrkur eða magn mengandi efna væri nálægt hættumörkum mundi framkvæmdaraðili grípa til viðeigandi ráðstafana.”* Að mati Umhverfisstofnunar þurfi að koma fram í hverju þessar viðeigandi ráðstafanir felist og á hvern hátt þær muni gagnast fari styrkur eða magn mengandi efna nálægt hættumörkum.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að magn heildarlosunar uppleystra lífrænna efna í bráðabirgðaútrás við Krossanes margfaldist samkvæmt tilkynningunni og það knýi enn frekar á um að losunin fari til væntanlegrar hreinsistöðvar við Sandgerðisbót. Verði enn frekari dráttur á byggingu þessarar stöðvar en þegar liggja fyrir sé eðlilegt að Becromal leggi fram áætlun um meðhöndlun frárennslis fram að þeim tíma er hreinsistöðin er gangsett eins og lagt er til í bráðabirgðaákvæði í tillögu að starfsleyfi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ef mælingar leiði í ljós að styrkur og magn mengandi efna sé nærri hættumörkum muni Becromal leggja mat á hvort hægt sé að draga úr losun viðkomandi efna með því að gera annað hvort breytingar á ákveðnum framleiðslu- og hreinsiferlum innan verksmiðjunnar eða hreinsun/jöfnun vinnsluvatns áður en það sé losað í viðtaka. Einnig kæmi hugsanlega til greina að leggja nýja bráðabirgðaútrás sem myndi ná lengra út fjörðinn þar sem straumhraði sé meiri og þynning efna því einnig umtalsvert meiri. Slík lausn yrði þó útfærð og framkvæmd í samstarfi við Akureyrarbæ. Ef enn frekari dráttur verði á byggingu hreinsistöðvar en þegar liggja fyrir, muni Becromal leggja fram áætlun um meðhöndlun frárennslis fram að þeim tíma er hreinsistöðin verði gangsett. Slík áætlun gæti falist í áframhaldandi notkun á núverandi bráðabirgðaútrás í Krossanesi ef mælingar sýni að styrkur og magn mengandi efna sé ekki nálægt hættumörkum. Samráð yrði haft við Umhverfisstofnun, heilbrigðisyfirvöld og Akureyrarbæ við gerð slíkrar áætlunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal á Krossanesi Akureyri. Breytingarnar felast fyrst og fremst í frestun á uppsetningu vothreinsibúnaðar, verulegri aukningu á frárennslis með aukinni losun líffræðilegra efna, breytingu á notkun efna vegna þess að hætt er við notkun brennisteinsýru og aukinni notkun á kælissjó um leið og honum er skilað kaldari til sjávar en áður var áformað. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á rekstri aflþynnuverksmiðjunnar frá fyrri áformum sem stofnunin ákvarðaði þann 19. mars 2008 verði óverulegar. Boðaðar breytingar séu þess eðlis að þeim verði best mætt við starfsleyfisgerð og gerð viðbragðsáætlunar vegna meðferðar hráefna sem geta verið hættuleg.

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif breytinga á verksmiðjunni kunni að verða vegna áhrifa fráveitu fyrirtæksins á gæði sjávar. Skipulagsstofnun telur að fylgjast þurfi með losun fyrirtækisins til sjávar og áhrifum fráveitunnar þar til fráveitukerfi Akureyrar hefur verið komið í gagnið með tilheyrandi hreinsistöð og fráveita verksmiðjunnar hafi tengst því kerfi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Becromal við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Becromal vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal á Krossanesi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Becromal og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. júní 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

